Ed. **331. Nefndarálit**

um frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá 1. hluta fjárhagsnefndar (I. P., J. J.).

Minni hluti nefndarinnar lítur svo á, að meginefni frv. geti orðið til mikilla hagsbóta fjármálalífi landsins. Það er bein nauðsyn að efla sem mest þjóðbanka landsins, og í öðru lagi telur minni hlutinn engan vafa á, að seðlaútgáfa landsins sje og verði best komin hjá Landsbanka Íslands. Hins vegar álítur minni hlutinn, að ákvæði frv. um æðstu stjórn bankans gætu tekið breytingum til bóta, og skoðum við okkur óbundna til að taka afstöðu til breytinga af því tægi, sem fram kynnu að koma við síðari umræður málsins.

Alþingi, 8. mars 1924.

Ingvar Pálmason, framsögumaður. Jónas Jónsson.